

Ársskýrsla Drafnarhúss 2013

Starfsemin

Starfsemin í Drafnarhúsi gekk vel árið 2013, skjólstæðingar og aðstandendur hafa verið sáttir og ánægðir með þjónustuna. Farið er eftir markmiðum hússins, lögum um málefni aldraða og reglugerð um dagvist aldraða.

Þjálfunin miðar að því að viðhalda líkamlegri, vitrænni og félagslegri færni skjólstæðinga og tekið er mið af ástandi hvers og eins hverju sinni. Skjólstæðingar geta sótt þjónustuna alla virka daga eða tiltekna daga í viku hverri. Á árinu voru 53 einstaklingar sem nýttu sér dagþjálfun í Drafnarhúsi. Meðalbiðtími eftir að komast að var fimm mánuðir.

Boðið er upp á mat á heilsufari, þjálfun og virkni, aðstoð við athafnir daglegs lífs, félagslegan stuðning, og fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda. Aðstoð við ADL miðast við að viðhalda getu og virkni skjólstæðings eins og kostur er með hans eigin þátttöku. Þess má geta að 40 af 53 skjólstæðingum fengu aðstoð við böðun. Eftirlit með lyfjagjöfum er í samvinnu við heimahjúkrun og aðstandendur, 14 af 53 fengu aðstoð við lyfjatöku í Drafnarhúsi. Boðið er upp á léttar líkamsæfingar með leiðsögn og gönguferðir. Aðstaða er til hvíldar fyrir þá sem hennar þurfa. Boðið er upp á morgunverð, heita máltíð í hádeginu og eftirmiðdagskaffi.

Starfsmenn

Í lok árs 2013 störfuðu átta starfsmenn í Drafnarhúsi í 6,1 stöðugildi; hjúkrunarfræðingar 1,8, iðjuþjálfari 1, sjúkraliðar 1,5 og ófaglærðir starfsmenn 1,8. Þetta er samstilltur og metnaðarfullur hópur og starfsandinn er góður. Aldur starfsmanna er frá rúmlega 20 ára til tæplega 60 ára og er meðalaldur 40 ár. Starfsfólk sér um ræstingu í húsinu þrjá daga vikunnar á móti hreingerningarfyrirtæki. Þrír starfsmenn hættu störfum á árinu, tveir vegna heimilisaðstæðna og einn vegna náms. Það kom maður í manns stað.

Starfsfólk sótti fræðslu heilabilunareiningar á LSH sem haldin er árlega. Starfsdagar eru haldnir þriðja hvern miðvikudag frá 14:00–16:30. Þá gefst starfsfólki tími til að skipuleggja starfsemi hússins og fara yfir ýmis mál sem greiða þarf úr. Á haustdögum fór starfsfólk Drafnarhúss ásamt starfsfólki Friðuhúss og Maríuhúss í námsferð til Akureyrar. Nokkrir starfsmenn úr áðurnefndum húsum stofnuðu kaffihúsahópinn *Gleym mér ei* og haldin eru kaffihúsakvöld yfir vetrarmánuðina. Haldin voru tvö kaffihúsakvöld í Drafnarhúsi árið 2013 og var mikil ánægja meðal aðstandenda og skjólstæðinga með það framtak. Iðjuþjálfari var í 20% námsleyfi í 6 mánuði á árinu. Forstöðumaður sótti ráðstefnu Alzheimer Europe á Möltu 10-11 október.

Aðkeypt þjónusta

Læknisþjónusta kemur frá Landakoti, Björn Einarsson öldrunarlæknir hefur sinnt því frá upphafi og Jón Snædal leyst hann af í fríum. Læknir kemur í húsið vikulega, en hjúkrunarfræðingar hefur milligöngu um að hafa samband við lækninn ef þeir telja tilefni til.

Skjólstæðingum stendur til boða flutningur milli heimilis og dagþjálfunar við upphaf og lok dvalar hvern dag. Akstursþjónusta Þórunnar Tómasdóttur hefur séð um aksturinn og nýttu flestir sér þjónustuna eða 46 af 53.

Einnig veitir fótaáðgerðarfræðingur skjólstæðingum reglulega þjónustu sem þeir greiða sjálfir fyrir, kjósi þeir að nýta sér hana. Hádegismatur er aðsendur frá Matborðinu. Ræstingarfyrrtækið Hreint sér um þrif á húsnæði starfseminnar tvo daga í viku. Keypt var aukalega hreingerningaráþjónusta frá Þveglinum við þrif á hluta húsnæðis.

Húsnæði

Húsnæðið hentar sérlega vel undir starfssemi eins og dagþjálfun, lögð er áhersla á að umhverfið sé heimilislegt og hlýlegt.

Heilbrigðiseftirlitið gerði athugasemdir við léleg þrif á húsnæði, sérstaklega á eldhúsgólfi sem er orðið mjög lélegt og erfitt til þrifa. Eiganda húsnæðis hefur verið tilkynnt um ástand gólfefnis í eldhúsi. Eldvarnareftirlitið gerði einnig athugasemdir varðandi úrbætur og er það komið í hendur eiganda og mun Hafnarfjarðarbær fylgja því eftir. Hafnarfjarðarbær greiðir leigu á húsnæði.

Stuðningur við fjölskyldu

Fjölskyldufundir eru haldnir með aðstandendum þegar þörf er á og er það vettvangur fyrir miðlun upplýsinga varðandi skjólstæðing. Aðstandendur ráða alltaf ferðinni þegar kemur að því að sækja um varanlega vistun á hjúkrunarheimili. Skjólstæðingur er aldrei útskrifaður úr Drafnarhúsi vegna hjúkrunarþyngdar. Við veitum þeim stuðning og aðstoð þegar þeir vilja sækja um varanlega vistun.

Það fengu 22 færni- og heilsufarsmat til vistunar samþykkt á árinu, 21 í hjúkrunarrými og einn í dvalarrými, þrettán konur og níu karlar. Enginn fékk synjun og meðalbiðtími eftir vistun voru 2,2 mánuðir. Af þeim 28 sem útskrifuðust fóru 23 í varanlega vistun; níu fóru á Sólvang, fjórir á Hrafnistu í Hafnarfirði, tveir á Grund, fimm á Ísafold, einn í Skjól, einn á Vífilstaði og einn á Droplaugarstaði. Þrír létust á árinu og tveimur líkaði ekki að vera í dagþjálfun.

Opnuð var Facebook-síða fyrir aðstandendur, sem er lokaður hópur sem aðstandendur geta fengið aðgang að á meðan ástvinur þeirra dvelur í Drafnarhúsi. Þar er hægt að setja inn myndir frá starfseminni og eru aðstandendur mjög ánægðir með það, sérstaklega þeir sem búsettir eru á landsbyggðinni og erlendis.

Hvíldarinnlagnir og sjúkrahúsinnlagnir

Hjúkrunarfræðingar aðstoða aðstandendur við að sækja um hvíldarinnlögn. Á árinu fengu 21 færni- og heilsufarsmat samþykkt fyrir hvíldarinnlagnir. Það fóru 22 einstaklingar í hvíldarinnlagnir í 28 innlögnum, samtals 726 daga á árinu (24,2 mánuði). Lengsta samfellda lega í hvíldarinnlögn var 51 dagur og sú stysta fimm dagar. Dvalartími í hvíldarinnlögnum var að meðaltali 26 dagar. Einn fór á Höfn í Hornafirði, tíu á Sólvang, tólf á hjúkrunarheimilið Mörk, þrír á Hrafnistu í Reykjavík og tveir á Hrafnistu í Hafnarfirði.

Frá Drafnarhúsi var 21 einstaklingur lagður inn á LSH vegna veikinda í 29 innlögnum, samtals 438 dagar (14,6 mánuðir).

Heimaþjónusta (heimahjúkrun og félagsleg þjónusta)

Af 53 skjólstæðingum voru 35 með heimaþjónustu að einhverju tagi (morgun-, kvöld- og/eða helgarþjónustu) og allflestir voru með aðstoð við þrif á heimili. Aðstoð sem veitt er af

heimþjónustu er m.a. aðstoð við athafnir daglegs lífs, eftirlit og stuðningur, eftirlit með lyfjagjöfum og næringu. Góð samvinna er við félagsþjónustu og heimahjúkrun.

Tölulegar upplýsingar 2013

Fjöldi einstaklinga	Innskrift	Útskrift	Meðalviðvera	kk	kvk	Meðalaldur	Býr með maka	Býr með börnum	Heimaþjónusta
53	27	28	18,9 mán	23	30	81,4	30/53	1/53	35/53
			Lengst 84 mán			Yngstur 57			
			Styst ½ mánuð			Elstur 92			

Tölulegar upplýsingar 2012

Fjöldi einstaklinga	Innskrift	Útskrift	Meðalviðvera	kk	kvk	Meðalaldur	Býr með maka	Býr hjá börnum	Heimaþjónusta
44	20	18	17,79 mán	21	23	81,5	31/44	4/44	24/44
			Lengst 64 mán			Yngstur 58			
			Styst 1 mánuð			Elstur 91			

Þegar þessar tölulegu upplýsingar eru bornar saman við upplýsingar frá fyrra ári kemur í ljós meiri hreyfing á skjólstaðingum í húsinu árið 2013, 18 útskrifast árið 2012 en 28 útskrifast árið 2013. Fjórir af þeim sem útskrifuðust á árinu 2012 innrituðust sama ár, en átta af þeim sem útskrifuðust á árinu 2013 innrituðust sama ár, sem er hlutfallslega meira. Það segir okkur að fólk stoppar stutt við og er meira lasburða þegar það kemur í Drafnarhús.

Hvíldarinnlögn	2012	452 dagar (15 mánuðir)
Hvíldarinnlögn	2013	726 dagar (24,2 mánuðir)
Sjúkrahúslega	2012	220 dagar (7,3 mánuðir)
Sjúkrahúslega	2013	438 dagar (14,6 mánuðir)

Þegar bornar eru saman hvíldar- og sjúkrahúsinnlagnir milli árana 2012 og 2013 kemur í ljós að mun fleiri dagar voru á sjúkrahúsi og í hvíldarinnlögnum árið 2013. Það gefur okkur vísbendingu um að skjólstaðingar voru veikari árið 2013 heldur en 2012.

Heilsuefling

Iðjuþjálfari Drafnarhúss, sem hefur verið í námsleyfi, er með hugmyndir úr námi sínu í Lýðheilsuvísindum um heilsueflingu fyrir starfsfólk. Góður starfsandi er í húsinu og hugmyndin að setja niður skipulagða heilsueflingu myndi gera gott starf enn betra. Það verður spennandi að sjá hvernig til tekst með það verkefni.

Hafnarfjörður 15.febrúar 2014

Erla Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur
forstöðumaður Drafnarhúss